

Mál nr. 211/2007

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Baldursgötu og Freyjugötu í Reykjavík þ.17.9.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.10.2007. ásamt fylgisjölum 1-4.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 715/2007
3. Tjónaskýrsla dags. 17.9.2007
4. Bréf V dags. 12.11.2007 ásamt upplýsingar um feril tjónauppgjörs.
5. Bréf F. O. K. dags. 17.9.2007.
6. Bréf ökumanns A dags. 18. og 19.9.2007 ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið upp Baldursgötu og komið að gatnamótum Freyjugötu og Baldursgötu og enga bifreið séð og ekið áfram út á gatnamótin en þá hafi B komið á mikilli ferð og ekið á B. Ökumaður A segir að B hafi verið ekið töluvert yfir hámarkshraða en hámarkshraði þar sem árekstur varð eru 30 km á klst. Framburður ökumanns A um of mikinn hraða bifreiðar B fær stuðning í bréfi F. O. K. Ökumaður B segist hafa ekið Freyjugötuna þegar A hafi ekið inn í hlið B frá Freyjugötu. Kvörtun eiganda B lítur líka að tjónauppgjöri en þess er krafist að hærri greiðslur séu greiddar fyrir afnotamissi þar sem annar bíll sem var eiganda B til umráða hafi stöðugt verið í viðgerð. V hafnar þessari kröfu eiganda B og segir tjón B að fullu bætt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

Álit.

Í umrætt sinn ók ökumaður A í veg fyrir B en A hafði bifreið B sér á hægri hönd og almennur umferðarréttur gildir þar sem áreksturinn varð og ber hann því sök á árekstrinum. Að öllum gögnum málsins virtum verður ekki annað séð en B hafi verið ekið töluvert yfir löglegan hámarkshraða þar sem áreksturinn varð og ber ökumaður B því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að A beri $\frac{3}{4}$ sakar og B $\frac{1}{4}$ sakar. Af hálfu eiganda B eru ekki lögð fram viðhlítandi gögn til stuðnings kröfu um frekari greiðslur úr hendi V vegna tjónauppgjörs. Þegar af þeirri ástæðu er kröfu eiganda B hvað það varðar hafnað.

Niðurstaða.

A ber $\frac{3}{4}$ sakar og B ber $\frac{1}{4}$ sakar.

Reykjavík 27.11.2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.